



20. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn miðvikudaginn 25. október 2023 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Jóna Símónía Bjarnadóttir og Trausti Fannar Valsson. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir framkvæmdastjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns 2023
2. Starfsemi 2024
3. Rekstur og fjárlög 2024
4. Mannauðsmál og starfsþróunaráætlanir
5. Innleiðing innviðaverkefnis og nýs skráningarkerfis
6. Tilfærsla verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns 2023.

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Þjóðskjalasafns á árinu 2023. Í máli þjóðskjalavardar kom fram að eitt mesta breytingaskeið í starfsemi safnsins standi nú yfir. Innviðaverkefni Þjóðskjalasafns helst í hendur við stafræna umbreytingu hins opinbera, húsnæðismál safnsins til framtíðar eru í skoðun, nýtt varðveisluhúsnæði að Sundaborg 11-13 í Reykjavík hefur verið tekið á leigu og starfshópur menningar- og viðskiptaráðherra um framtíð skjalasafna og rafræna langtíma-vörslu skjala er að störfum. Einnig sagði þjóðskjalavörður frá reglusetningu, útgáfu rannsókna, erlendu samstarfi og ráðstefnum sem safnið hefur staðið fyrir á árinu. Þá kom fram að ráðherra hefði endurskipað þjóðskjalavörð í embætti til næstu fimm ára.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Njörður Sigurðsson, Trausti Fannar Valsson, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir.

2. Starfsemi 2024.

Þjóðskjalavörður kynnti stefnumiðaða áætlun til næstu þriggja ára og helstu áhersluverkefni ársins 2024. Helstu verkefni næsta árs eru m.a. að bæta aðgengi að safnkostinum með frekari skráningu, stafrænni endurgerð og útgáfu á frumheimildum. Þjóðlenduverkefni og skráning skjalasafna er áframhaldandi verkefni. Einnig kom fram að nokkuð umfangsmikið verkefni á næstunni verður yfirfærsla á verkefnum og safnkosti Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Héraðsskjalasafns Kópavogs en sveitarstjórnir þessara safna ákváðu að leggja þau niður fyrr á þessu ári og því tekur Þjóðskjalasafn við verkefnum og safnkosti þeirra lögum samkvæmt. Þá er lögð áhersla á eflingu mannauðs í safninu.

Til máls tók Hrefna Róbertsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Njörður Sigurðsson.



3. Rekstur og fjárlög 2024.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, gerði grein fyrir framlögum til Þjóðskjalasafns samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og til samanburðar fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 2023. Þá var farið yfir útgjaldabreytingar samkvæmt frumvarpinu 2024 og fjárlögum 2023 og kynnt að nú stæði yfir gerð rekstraráætlunar safnsins fyrir næsta ár á grundvelli frumvarpsins.

Til máls tók Þuríður Árnadóttir.

4. Mannauðsmál og starfsþróunaráætlanir.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, gerði grein fyrir skrefum sem hafa verið tekin í mannauðsmálum, þ.m.t. um starfsþróunaráætlun safnsins og starfsþróunarsamtöl sem nú standa yfir. Einnig fór hún yfir fjölgun starfsfólks undanfarin ár en nú starfa 47 starfsmenn hjá safninu. Farið var yfir kynjaskiptingu starfsmanna, menntun, lífaldur og starfsaldur þeirra miðað við október 2023.

Til máls tóku Þuríður Árnadóttir, Trausti Fannar Valsson, Hrefna Róbertsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

5. Innleiðing innviðaverkefnis og nýs skráningarkerfis.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein fyrir stöðu á innviðaverkefni safnsins sem snýr að stafrænni umbreytingu og nýju skráningarkerfi sem er í innleiðingu. Unnið er að færslu á aðalvef Þjóðskjalasafns á vefsvæði Íslands.is og fyrstu skrefin í innleiðingu á nýju skráningarkerfi frá svissneska hugbúnaðaraðilunum Scope hafa verið tekin. Gert er ráð fyrir að kerfið verði að fullu innleitt í apríl til júní á næsta ári. Þá hefur viðtökuverkstæði Þjóðskjalasafns verið endurnýjað og stækkað vegna aukinnar viðtöku rafrænna gagna og fjölgunar starfsfólks í verkefninu.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Trausti Fannar Valsson og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

6. Tilfærsla verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, fór yfir tilfærslu verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns en sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga ákváðu í mars og apríl síðastliðnum að leggja niður starfsemi þessara héraðsskjalasafna í núverandi mynd. Aðgerðaráætlun fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur verið hrint í framkvæmd og er gert ráð fyrir að 1. janúar 2024 færast eftirfarandi verkefni og safnkostur yfir til og á ábyrgð Þjóðskjalasafns Íslands: (1) Rafræn skil / afhending rafrænna gagna, (2) rafrænn safnkostur, (3) pappírsskil / afhending pappírsskjalasafna og (4) eftirlit og ráðgjöf. Þann 1. nóvember 2025 færast eftirfarandi verkefni og safnkostur yfir til og á ábyrgð Þjóðskjalasafns Íslands: (5) Pappírssafnkostur, (6) fyrirsurnir og afgreiðsla úr safnkosti, (7) vefsíða,



(8) stafræn endurgerð / afrit og (9) skjalasafn Borgarskjalasafns. Aðgerðaráætlun fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs er í vinnslu. Þjóðskjalasafn, Borgarskjalasafn og Reykjavíkurborg vinna að gerð áætlunar um fræðslu og kynningu vegna tilfærslunnar. Reiknað er með að sambærileg vinna verði með Héraðsskjalasafni Kópavogs og Kópavogsbæ. Kynnt var að menningar- og viðskiptaráðherra áætla að leggja fram í nóvember frumvarp til breytingar á lögum um opinber skjalasöfn til að koma á gjaldskrárheimild fyrir Þjóðskjalasafn til að sinna verkefnum í ráðgjöf, eftirliti og miðlun gagna sveitarfélaga og að hægt verði að innheimta gjald vegna kostnaðar vegna vinnu sérfræðinga við yfirfærslu safnkosts og verkefna héraðsskjalasafns sem ákveðið hefur verið að leggja niður.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir.

Í framhaldi vakti formaður máls á þeirri umræðu sem hefur skapast meðal fræðimanna um skjalasöfn landsins. Niðurlagning Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur vakið hörð viðbrögð og beinst að hluta til gegn Þjóðskjalasafni Íslands. Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn hafa sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétt um á hvern hátt þau kjósa að haga langtíma vörslu skjala og ber Þjóðskjalasafni að taka við gögnum sveitarfélaga sem ekki reka héraðsskjalasöfn. Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns ræddi málið ýtarlega og um leið og hún áréttar mikilvægi héraðsskjalasafna í landinu, vill hún leggja áherslu á að hún beri fullt traust til Þjóðskjalasafns Íslands, stjórnenda safnsins og þeirrar faglegu vinnu sem nú stendur yfir og sem lýst er að ofan.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Óskar J. Sandholt, Gunnar Örn Hannesson, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Trausti Fannar Valsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:01.